

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Breyting á deiliskipulagi Höfða og umhverfi Ytrivoga, Mývatnssveit.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 24. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi Höfða og umhverfi Ytrivoga í Mývatnssveit. Breytingin felst í að bæta við útivistarstig frá núverandi skilgreindum útivistarstig við Ytrivoga og þremur minni áningarstöðum við hann. Öðrum slóðum á svæðinu verður lokað og þeir græddir upp.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

*Þingeyjarsveit, 10. maí 2024.*

**Anna Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. maí 2024